



## Samstarfsyfirlýsing

Akranesi, 28. febrúar 2024

### Efni: Svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og afbrotum á Vesturlandi

Lögreglustjórnin á Vesturlandi vill í samvinnu við Ríkislögreglustjóra hefja svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og öðrum afbrotum á Vesturlandi í því skyni að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúanna og tryggja þjónustu fyrir þolendur ofbeldis á svæðinu.

Mun samráðið byggja á samstarfi sem er nú þegar fyrir hendi og stefnt er það því að útvíkka samstarfið og efla enn frekar. Jafnframt verður leita leiða til að þróa aðgerðir sem miða að draga úr ofbeldi og bæta þjónustu við þolendur í umdæminu.

Ein megináhersla samstarfsins er að setja á stofn þrjú forvarnateymi, eitt fyrir hvert skilgreint svæði, þar sem aðilar sem koma að forvörnum og þjónustu við þolendur hittast reglulega og sameina krafta sína. Þegar hafa verið haldnir þrjú fundir með fulltrúum sveitarfélaga, lögreglu og fleiri aðila sem koma að forvörnum á breiðum grundvelli og kom þar fram eindreginn vilji til frekara samstarfs.

Við svæðisbundið samráð verður lögð áhersla á að byggja starfið á sameiginlegu stöðumati um ástand á hverju svæði fyrir sig. Gerð verður viðbragðs- og framkvæmdaáætlun fyrir hvert svæði og hvern samstarfsaðila, mótuð sameiginleg markmið og eftirfylgni tryggð.

Hér með er óskað eftir samstarfi við sveitarfélögin Akraneskaupstað, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshrepp, Grundarfjarðarbæ, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Snæfellsbæ og Sveitarfélagið Stykkishólm ásamt Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um áframhaldandi þróun á svæðisbundnu samráði gegn ofbeldi og öðrum afbrotum eins kynnt var á kynningarfundum á haustmánuðum 2023.

Er þess óskað að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafi milligöngu um að sveitarfélögin á Vesturlandi lýsi yfir þátttöku og undirriti þessa samstarfsyfirlýsingu þar sem þess er heitið að sveitarfélagið ásamt viðeigandi undirstofnunum taki þátt í samstarfinu.

Virðingarfyllst,

*undirritað af lögreglustjóranum á Vesturlandi og ríkislögreglustjóra*